

Nd.

198. Breytingartillögur

[89. mál]

við frv. til laga um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. 1. málslíður greinarinnar orðist svo:

Greiða skal í rikissjóð sérstakt vörugjald, skal gjaldið vera 12% á tímabilinu 17. júlí 1975 til 31. desember 1975, 10% á tímabilinu 1. janúar 1976 til 31. ágúst 1976 og 6% á tímabilinu 1. september 1976 til 31. desember 1976 og greiðast af eftirgreindum vöruflokkum.

2. Við 3. gr. Á eftir 1. málslíðu 1. málsgr. greinarinnar komi nýr málslíður er orðist svo:

Skulu lækkanir á gjaldinu hinn 1. janúar 1976 og 1. september 1976 á sama hátt miðaðar við sölu frá og með greindum dagsetningum ef um innlenda framleiðslu er að ræða og töku til tollmeðferðar frá og með greindum dagsetningum sé um innfluttar vörur að ræða.

3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1976.